

Undirbúningur að hönnun  
Naustaskóla  
Niðurstöður vinnuhóps

Birna María Svanbjörnsdóttir



Október 2006

## Efnisyfirlit

Meginniðurstöður.....	2
1 Inngangur.....	3
1.1 Framkvæmd.....	3
2 Vinna hópa og niðurstöður.....	6
2.1 Fyrsti vinnufundur.....	6
2.1.1 Þrep 1: Námsmengið (Learning Context).....	7
2.1.2 Þrep 2: Námsmengið (Learning Audience).....	9
2.1.3 Þrep 3: Námsvæntingar (Learning Expectations).....	11
2.2 Annar vinnufundur.....	12
2.2.1 Þrep 4: Námsvarðan (Learning Signature).....	13
2.2.2 Þrep 5 og 6: Námsferli (Learning Process) og námsskipulag (Learning Organization).....	14
2.3 Þriðji vinnufundur.....	15
2.3.1 Þrep 7: Námsstarf (Learning Partnerships).....	16
2.3.2 Þrep 8: Námslið og starfsþróun (Learning Staff and Staff Development).....	18
2.3.3 Þrep 9: Námshverfi (Learning Environment).....	19
3 Samantekt.....	22
4 Heimildir.....	24

## Meginniðurstöður

### Vinnuhópurinn lagði áherslu á að:

- Naustaskóli einkenndist af virðingu, víðsýni, hlýju og samvinnu þar sem lögð væri áhersla á að byggja upp sjálfstæða einstaklinga með jákvæða sjálfsmynd, einstaklinga sem kynnu hagnýt vinnubrögð og vissu hvert þeir ættu að leita til að afla sér upplýsinga og fræðast.
- Skólastarfið tæki mið af mismunandi þörfum og getu hvers og eins og einkenndist af sveigjanleika og fjölbreytni hvort heldur sem um væri að ræða námsefni, námsleiðir eða námsmat en áréttað var mikilvægi þess að meta nemendur í samræmi við starfið í skólanum.
- Skólinn væri miðstöð fyrir alla íbúa hverfisins.
- Allt starfsfólk skólans yrði ráðið inn á forsendum skólans.
- Tengja skólastarfið náttúrunni, grenndinni, atvinnulífinu og íbúum hverfisins.
- Virkja foreldra til þátttöku í skólastarfinu.

### Eftirfarandi atriði stóðu upp úr varðandi námsumhverfið:

- Að skólahúsnæðið byði fólk velkomið.
- Aðstaða væri í skólahúsnæðinu fyrir foreldra.
- Stjórnunarsvæði væri við inngang og aðstaða fyrir hjúkrunarfræðing, námsráðgjafa og alla umhyggju væri miðsvæðis en þó ekki alveg í miðjunni.
- Bókasafn og kaffihús væri fyrir alla í skólanum og hverfinu, miðlægt í byggingunni.
- Byggingin samanstæði af nokkrum sjálfbærum einingum eða klösum með sveigjanlegu kennslurými, hljóðvernd og hengivænum veggjum. Þar yrði eldhús sem nýta mætti í heimilisfræðikennslu í tengslum við mótuneyti þannig að nemendur gætu borðað í sínum klasa. Þar væri einnig vísindahorn, tómsunda-, verk-, raun-, og listgreinarými, tölvur, vinnuaðstaða kennara og slökunaraðstaða fyrir nemendur.
- Fjölnota salur með tengingu við tónlistarrými.
- Æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir, hljóðeinangruð.
- Misstór rými en björt og hlýleg og innangengt í hvert rými að utan.
- Íþróttahús og sundlaug.
- Frístund, tómsundarými, heilsdags- og heilsársskóli.
- Fundaherbergi, viðtalsherbergi og nægar snyrtingar.
- Tenging við leikskólann með einhverjum hætti.
- Aðgengi væri tryggt fyrir alla, bæði úti og inni.
- Tengja náttúru og byggingu, hafa flæði á milli og nota náttúruleg byggingarefni.
- Góð aðstaða til leikja bæði úti og inni.
- Gróðurhús eða matjurtagarður og fiskitjörn á skólalóðinni eða inni í skólanum.
- Nota náttúruna sem útikennslustofu.
- Hanna húsnæðið með það í huga að tæknin sé nýtanleg.

# 1 Inngangur

Hér verður lýst undirbúningi að hönnun Naustaskóla, nýjum grunnskóla sem fyrirhugað er að reisa í Naustahverfi á Akureyri. Skólinn á að einkennast af einstaklingsmiðuðum kennsluháttum en stefnt er að því að skólastarf hefjist þar haustið 2008. Naustahverfi er nýtt hverfi í uppbyggingu en nú þegar búa þar fjölskyldur u.þ.b. 50 grunnskólabarna sem dreift er á aðra grunnskóla Akureyrar. Í hverfinu er starfandi leikskóli, Naustatjörn, sem kemur til með að vera í næsta nágrenni við Naustaskóla.

Myndað hefur verið verkefnislið til að annast undirbúninginn að hönnun Naustaskóla. Í því sitja: Sigrún Björk Jakobsdóttir, Dýrleif Skjöldal, Laufey Petrea Magnúsdóttir, Gunnar Gíslason og Trausti Þorsteinsson. Einar Jóhannsson starfsmaður FAK heldur utan um og stýrir vinnunni. Verkefnisliðið ásamt starfsmönnun Fasteigna Akureyrar sem annast undirbúninginn á vegum Akureyrarbæjar hafði hug á að fara nýja leið í hönnun skólans og styðjast við aðferð eða þróað ferli sem notað hefur verið við hönnun nokkurra skóla á Íslandi undanfarin ár, t.d. við hönnun Ingunnarskóla í Reykjavík, Sjúalandsskóla í Garðabæ og viðbyggingu Hvolsskóla á Hvolfsvelli, þ.e.a.s. „The Design Down Process“.

„The Design Down Process“ sem á íslensku mætti kalla: „undirbúningsferli hönnunar, frá hinu almenna til hins sérstæða“ er aðferð sem þróuð var í Bandaríkjunum upp úr 1990 og var fyrst kynnt hér á landi árið 2000 að frumkvæði Gerðar Óskarsdóttur fræðslustjóra í Reykjavík.<sup>1</sup> Georg Copa, fyrrverandi prófessor í menntunarfræðum við Minnesotaháskóla er einn af frumkvöðlum verkefnisins. Hugmyndafræðin felst í því að hugsa nútímalega og til framtíðar og vera óhræddur við að brjóta aldagamlar hefðir. Lögð er áhersla á að tengja skólastarf nemenda við það sem er að gerast hjá fjölskyldum þeirra, atvinnulífi og samfélagi, taka mið af möguleikum upplýsingatækninnar, beita markmiðssetningu í skólastarfi og líta á skólagöngu sem lið í símenntun einstaklinga sem stendur alla ævi.<sup>2</sup>

Við allan undirbúning og framkvæmd vinnunnar var stuðst við samantekt Gerðar Óskarsdóttur<sup>3</sup> og skýrslu vegna undirbúnings að hönnun viðbyggingar Hvolsskóla.<sup>4</sup> Auk þess fengust nánari upplýsingar um nokkra framkvæmdaþætti frá Önnu Kristínu Sigurðardóttur í gegnum síma og í tölvupósti.

## 1.1 Framkvæmd

Fengnir voru til samstarfs við verkefnisliðið fulltrúar hópa úr samfélaginu í n.k. hugarflugsvinnu og myndaður var vinnuhópur sem leitaðist við að tengja saman í eina samfellda heild: skipulag skólastarfsins, hönnun byggingar og þátttöku grenndar-samfélags í námi nemenda.

---

<sup>1</sup> Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir. 2003. Niðurstöður vinnuhóps um undirbúning að hönnun viðbyggingar við Hvolsskóla.

<sup>2</sup> Gerður G. Óskarsdóttir. 2001. Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Design Down Process.

<sup>3</sup> Sama heimild.

<sup>4</sup> Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir. 2003. Niðurstöður vinnuhóps um undirbúning að hönnun viðbyggingar við Hvolsskóla.

Haldinn var kynningarfundur fyrir foreldra barna í Naustahverfi þann 30. ágúst 2006 þar sem þeim var greint frá fyrirhugaðri vinnu og þeim boðið að taka þátt. Foreldrar voru jafnframt spurðir hvort þeir gætu bent á áhugasama nemendur í 6.–10. bekk til þátttöku og Brekkuskóli beðinn um það sama. Fjórir foreldrar og þrír nemendur gáfu kost á sér í þessa vinnu. Farið var í gegnum vinnuferlið með nemendum einslega áður en hafist var handa í hópnum. Haft var samband við tónlistarskóla, Íþrótt- og tómstundadeild, ÍBA, Akureyrarkirkju, leikskóla hverfisins, amtsbókasafnið, Samtök atvinnulífsins og Menningardeild og þeir beðnir að tilnefna fulltrúa í vinnuhóp. Eins var með tölvupósti óskað eftir því við alla grunnskólakennara á Akureyri að áhugasamir gæfu kost á sér. Arkitektar frá VA-arkitektum voru með á vinnufundum. Vinnan í vinnuhópnum var ekki greidd en boðið var upp á kvöldverð og kaffi.

Hópurinn hittist þrisvar sinnum, fjórar klukkustundir í senn, og vann ýmist allur saman eða í mismunandi minni hópum, þá með stjórnanda og ritara en farið var í gegnum níu verkefni eða þrep. Niðurstöður úr hópavinnu voru skráðar á flettitöflur og í lok hvers verkefnis voru blöðin hengd á vegg og hver hópur gerði grein fyrir niðurstöðum sínum og þátttakendur úr sal fengu tækifæri til að bæta við ef þeim fannst eitthvað vanta. Ef umræður voru í stóra hópnum óskiptum voru hugmyndir skráðar jafnóðum í tölvu og settar upp í skjávarpa. Lögð var áhersla á að hafa hópana breytilega, mismunandi samsetta og misstóra þannig að allir ynnu einhvern tíma með öllum. Birna Svabjörnsdóttir frá skólaþróunarsviði kennaradeildar HA hélt utan um þessa vinnu auk fyrrgreindra kynningarfunda, skipulagði hópaskiptingu, sagði frá og útskýrði verkefni sem lögð voru fyrir og safnaði saman niðurstöðum af fundunum og dró saman meginniðurstöður hvers verkefnis. Ritari á fundunum var Linda Rós Reynisdóttir frá Fasteignum Akureyrar.

Allir vinnufundirnir voru haldnir í Brekkuskóla á Akureyri og byrjað var á því að skoða almennt umhverfi skólans, samfélag og náttúru, námsaðstæður og væntingar til starfsins almennt. Skref fyrir skref var reynt að nálgast skólann sjálfan, innra starf hans og útlit, þ.e. einkenni, námsskipan og námsumhverfi.

Eftirfarandi verkefni eða þrep voru tekin fyrir:

18. september 2006 kl. 17.00–21.00

- **Námssamhengi.** Staðbundnar þarfir. Í hvaða umhverfi mun skólinn starfa?
- **Námssamfélag.** Hverjum gæti skólinn þjónað?
- **Námsvæntingar.** Hvað er áætlað að komi út úr námi nemenda í skólanum eftir 10 ára nám?

25. september 2006 kl. 17.00–21.00

- **Námssvarða.** Vísar á það sem er sérstakt við skólann, ímynd skólans
- **Námssferli og námsskipulag.** Námskrá, kennsla, nám og mat á árangri. Hvernig getum við skipulagt skólastarfið til að ná sem bestum árangri með vísan í námsvæntingar okkar?

2. október 2006 kl. 17.00–21.00

- **Námssamstarf.** Sjónum beint að þeim sem gætu tekið þátt í að láta námsskipulag og námsferli virka (s.s. starfsfólk, fjölskyldur nemenda, einstök fyrirtæki og stofnanir, félög og samtök).
- **Námshlið og starfsþróun.** Allir þeir sem hafa áhrif á námsreynslu nemenda, bæði innan og utan skólans.
- **Námsumhverfi.** Húsnæðið sjálft, tækni og útbúnaður sem á að nýta og aðrir staðir þar sem námið fer fram.

**Þátttakendur á vinnufundum:**

Anna Kristín Arnarsdóttir	kennari
Anna Bára Birgisdóttir	foreldri
Anna María Guðmann	foreldri
Alfa Aradóttir	forstöðumaður félagsmiðstöðva
Ásgeir Magnússon	samtök atvinnulífsins
Dýrleif Skjöldal	skólanevnd
Einar Freyr Þorleifsson	nemandi
Erla Rún Kjartansdóttir	kennari
Erlingur Kristjánsson	frá íþróttafélagi
Gunnar Gíslason	deildarstjóri skóladeildar
Helgi Svavarsson	skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri
Hólmkell Hreinsson	amtsbókavörður Amtsbókasafni
Jón Heiðar Jónsson	foreldri
Jónína Hauksdóttir	leikskólastjóri í Naustatjörn
Katrín Jónasdóttir	nemandi
Laufey Petrea Magnúsdóttir	skólanevnd
Magnús Geir Þórðarson	leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar
Ólöf Inga Andrésdóttir	foreldri
Sigrún Björk Jakobsdóttir	stjórn fasteigna Akureyrarbæjar
Sólbjörg Jóna Sigurpálsdóttir	nemandi
Svava Hjaltalín	kennari
Svavar Alfreð Jónsson	prestur í Akureyrarkirkju
Trausti Þorsteinsson	forstöðumaður skólaþróunarsviðs HA
Pröstur Guðjónsson	formaður ÍBA

## 2 Vinna hópa og niðurstöður

### 2.1 Fyrsti vinnufundur

Birna Svanbjörnsdóttir hóf fundinn á því að fara í gegnum hugmyndafræði vinnuferlisins og hlutverk hópsins en honum er ætlað að móta áherslur í skólastarfi Naustaskóla, þ.e. að móta vettvang þar sem nám fer fram og tekur mið af þörfum barna og fjölskyldna þeirra, grenndarsamfélagsins og alls samfélagsins.

Sagt var frá fyrirkomulagi fundarins, s.s. verkefnum, hópaskiptingum, skilum og matar- og kaffihléum.

Á fundinum voru tekin fyrir eftirfarandi þrep:

- Námssamhengið
- Námssamfélagið
- Námsvæntingarnar

Áður en eiginleg vinna hófst var hver og einn þátttakandi beðinn að hugsa um einn þátt sem honum þætti mikilvægastur í skólastarfinu og skrá hann.

Eftirfarandi atriði komu fram:

- Virðing, víðsýni, umburðarlyndi.
- Andleg örvun.
- Fjölbreytt viðfangsefni.
- Metnaður.
- Skapandi hugsun og starf.
- Íþróttahús og sundlaug.
- Langar frímínútur.
- Hafa skólann skemmtilegan.
- Mikil hópavinna.
- Heilsteyptir og sjálfstæðir einstaklingar.
- Að öllum líði vel.
- Hver og einn fái sem best notið styrkleika sinna.
- Umhyggja og gleði séu ríkjandi þættir.
- Áhersla á að allir vaxi, þroskist og læri, bæði nemendur og starfsfólk.
- Aðgengi fyrir alla.
- Að nemendur sjái tilgang með náminu.
- Mörg böll (hafa flottan sal til að halda böll).
- Samstarf innan skólans og milli skóla og samfélags.
- Hljóðvarnir (hljóðvist), hljóðkerfi.
- Sveigjanleiki.
- Að skólinn sé miðstöð íbúa bæði á skólatíma nemenda sem og í tómstundastarfi.
- Að það sé alltaf gott að koma í skólann.

Að þessu loknu hófst vinna við fyrsta þrepið og þátttakendur fóru í sína hópa.

### 2.1.1 Þrep 1: Námssamhengið (Learning Context)

Námssamhengið vísar til þess umhverfis sem skólinn mun starfa í og staðbundinna þarfa. Athygli er beint að námi, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Leitað er svara við því hvort ósamhengi sé milli þess sem börnum býðst í skólanum og þess sem þau fást við í daglegu lífi? Til að átta sig á því og til að brúa þetta bil ef það er fyrir hendi er nauðsynlegt að greina á hvaða leið samfélagið er og hvaða kröfum börnin munu standa frammi fyrir að lokinni skólagöngu.

*Stóra hópnum skipt í þrjá hópa.*

Verkefni hópanna var að átta sig á kostum, vandamálum, tækifærum og væntingum í stöðunni. Hver hópur kom með hugmyndir um einn af þáttum námssamhengisins.

Hópur 1 beindi sjónum að **kostum og tækifærum** með hliðsjón af umhverfi Naustahverfis, menningu Akureyrarbæjar, íslensku samfélagi og skólakerfinu á Íslandi.

Hópur 2 skoðaði **vandamál** í stöðunni á Íslandi, á Akureyri og nágrenni með hliðsjón af kennsluáferðum, skipulagi skólastarfs, foreldrum, staðsetningu o.s.frv.

Hópur 3 fjallaði um **væntingar** til Naustaskóla.

#### Hópur 1 - kostir og tækifæri

- Nálægð við náttúru.
- Úthverfi Akureyrar.
- Leikskóli við hliðina á skóla – tenging?
- Sundlaug (50m).
- Söfn, safnasvæði.
- Trjágardur gróðrarstöðvar.
- Hundatjörn (tjörn sem var þarna áður).
- Náttúrutengdur skóli – búnaður til rannsókna?
- Tenging við sögu (kirkjugarður) og náttúru (Eyrarland).
- Kirkjugarður.
- Frumkvæði, meðvitund, lýðræði, þátttaka.
- Tækifæri til sviðsgrúms.
- Gagnrýnin hugsun.
- Skapandi starf – verklegt, tjáning.
- Smíðar, saumar, myndmennt, tónmennt, þema.
- Réttu viðhorfið? Trúa því að allt sé hægt.
- Sannfæra foreldra og börn um samvinnu.
- Flest hægt ef viljinn er fyrir hendi.
- Fljótandi skil milli bekkja, ath. þröskulda milli skólastiga.
- Leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli = grunnmenntun íslenskra barna.



## Hópur 2 – vandamál

- Vantar að kenna samskipti, gagnrýna hugsun.
- Ábyrgð foreldra vs. skóla, hver vísar á annan.
- Samskipti á milli barna, gagnkvæm virðing.
- Námsmat í dag einblínir ekki á einstaklinginn.
- Hnattvæðing vs. nærumhverfi (athygli).
- Atvinnulíf hluti af námi.
- Vinnuskóli hluti af námi.
- Of þröng sýn á hæfileika, bókvit vs. verkvit.
- Bekkir vs. námshópar. Ekki allir eins út úr grunnskóla.
- Þarf að vera gaman í skóla, líða vel í skóla.
- Góðar gönguleiðir til Naustaskóla.
- Samstarf við leikskólann Naustatjörn gott.
- Náttúruskóli – sel.
- Útivist sem lífsstíll.
- Nýta gæði náttúrunnar.
- Atvinnulíf og skóli → námsefnisgerð.
- Stundatöflurammi hindrar.

## Hópur 3 – væntingar

- Frumkvæði.
- Jákvæð sjálfsmynd.
- Kunna að leita þekkingar.
- Geti verið sjálfstæð og tekið tillit til annarra í hóp.
- Ábyrgð.
- Stefna skóla og stefna leikskóla í samfellu.
- Samfella í vinnutíma barnanna, að skólinn rúmi allt starf þeirra.
- Atvinnulíf, alvöru verkefni í atvinnulífinu fyrir nemendur.
- Mikilvægt að hafa sundlaug.
- Lengri frímínútur.
- Áhersla á leikinn.
- Gera meira í tímunum, allir fá að vinna á sínum hraða.
- Minni bekkir (á að tala um bekkir?).
- Engin sérkennsla.
- Ekki samræmd próf.
- Læra fleiri tungumál og byrja fyrr, skiptir máli fyrir framtíðina.
- Áherslur á skapandi starf skiptir máli fyrir framtíðina til að geta leyst ýmis vandamál/viðfangsefni.
- Lítið af kennslubókum.
- Opið kennsluefni.
- Umhverfisvænt skipulag.
- Auka þátttöku foreldra.
- Sleppa heimavinnu, ljúka í skólanum.

- Námskeið fyrir foreldra
- Símenntun fyrir hverfið.
- Hafa gaman ☺
- Hafa tilbreytingu.
- Ný og fjölbreytt verkefni.
- Nemendur taka þátt í náminu, skipuleggja það, búa til námsefni, velja viðfangsefni.
- Daglega lífið, viðfangsefni daglegs lífs þjálfuð/æfð – þverfaglegt.

Niðurstöðum hópanna var safnað saman, flettiblöð voru sett upp á vegg og ritari hópsins greindi frá þeim. Þátttakendum úr öðrum hópum bauðst að bæta við ef þurfa þótti.

Að þessu loknu var hver og einn beðinn um að skrá 8 mikilvægustu atriðin af þeim sem komu fram í hópavinnunni og gefa þeim stig eftir mikilvægi. Mikilvægasta atriðinu átti að gefa 5 stig, næst mikilvægasta atriðinu 4 stig og svo koll af kalli. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau atriði sem fengu 6 stig eða fleiri.

Atriði	Samtals
Samskipti, virðing og gagnrýnin hugsun	40
Náttúrutengdur skóli og umhverfisvænn	27
Skapandi starf og hugsun	25
Ánægja og vellíðan í skólanum	21
Jákvæð sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda	21
Námshópar (ekki bekkir)	17
Tenging/samfella í starfi leik- og grunnskóla	14
Sleppa heimanámi	13
Nem. taka þátt í námi, skipuleggja nám og búa til námsgögn	12
Fjölbreyttar kennsluaðferðir/verkefni og námsefni, ekki bara kennslubækur	10
Engin (lítil) sérkennsla	9
Sveigjanlegt nám	9
Samstarf atvinnulífs og skóla	8
Þátttaka foreldra	8
Engin samræmd próf	7
Einstaklingsmiðað námsmat	7
Sundlaug	6

### 2.1.2 Þrep 2: Námsamfélag (Learning Audience)

Hér var athyglinni beint að öllum þeim aðilum í samfélaginu sem tengjast skólastarfinu á einhvern hátt. Umræður og hugarflug átti sér stað í hópnum óskiptum. Spurningin sem lagt var upp með er: Hverjum getur skólinn þjónað? Eftirfarandi hugmyndir komu fram:

- Hafa húsnæðið þannig að það bjóði upp á sem fjölbreyttustu afþreyingu fyrir sem flesta.
- Æfingaraðstaða fyrir tónlistarfólk.
- Aukin aðstaða til félagsstarfs, svo sem búningageymsla, handverksaðstaða og fleiri tilfallandi atriði tengd áhugamálum.

- Rými sem bjóða upp á mismunandi notkunar möguleika. Til dæmis væri hægt að leigja skólann að hluta til út í minni einingum.
- Góður salur sem nýtist vel, t.d. fyrir veislur, dans og myndlistasýningar.
- Mynda tengingu við nærumhverfið ( t.d. við Hamra og Skautahöllina).
- Námskeiðahald fyrir börn og foreldra.
- Gæti myndast vandamál ef tæki og tól væru samnýtt af kennurum og almenningi, þ.e. ef skólarýmið væri notað eftir kennslu.
- Góð geymsluaðstaða.
- Minnka þröskulda milli almennings og starfsmanna skólans.
- Lítið útibú frá tónlistarskólanum, sem hægt væri að nýta fyrir íbúa hverfisins jafnt sem nemendur.
- Hafa skólann opinn til að skapa jákvæðari viðhorf bæði hjá foreldrum og börnum.
- Styttri ferðatími eftir því sem fleira er til boða innan veggja skólans, hagsbót fyrir nemendur og umhverfisvænt.
- Foreldraaðstaða útbúin sófum og kaffikönnu þar sem að foreldrar geta komið inn og stoppað á skólatíma barnanna.
- Getur skólamötuneytið þjónað eldri borgurum hverfisins? Þannig er aðstaðan nýtt til hagsbóta fyrir fleiri en nemendur.
- Er hægt að nýta húsnæðið til þess að fá fleiri í sjálfbóðaliðastarf innan skólans?
- Almennigur má ekki upplifa sig sem óvelkominn innan veggja skólans.
- Nýta fjárfestinguna/bygginguna sem best.
- Nýta það sem við höfum í hverju hverfi til að þjónusta íbúana.
- Setja “Bónus verslun” í alla skóla, smá útibú.
- Tilraun með útilífsmiðstöð fyrir almenning.
- Leikskóli og skóli samnýti skólahúsnæði, bókasafn og þess háttar og að samstarf eigi sér stað á milli þessara stofnana.
- Sameiginleg kaffistofa fyrir starfsmenn, nemendur og hverfisbúa.
- Fjölbreytt leiktæki.
- Útisvið gæti skapað mjög mikla möguleika.
- Bókasafnið opið fyrir foreldra og almenning.
- Ýta undir hverfisvitund með því að gefa fólki í hverfinu kost á að hittast og kynnast, t.d. mætti bjóða upp á ýmis þemu, t.d. kokkakvöld eða þorablót fyrir íbúa hverfisins.
- Byggja foreldrasamstarf á forsendum foreldra, ekki bara kennara.
- Fá foreldra í skólann til að kynna og fræða um eigin störf og sérsvið. Foreldrarnir verða að finna að þeir skipti máli, séu ekki bara áhorfendur.
- Námssefniskynningar, er það, það sem foreldrar þurfa, eða þurfa þeir eitthvað annað?
- Sveigjanleg opið rými.
- Skíðagöngubraut á lóð.
- Nemendur hafi aðgang að stofum allan daginn.
- Búa til „kósíhorn“ í hverri stofu, hafa sófa og þess háttar, á öllum aldursstigum.
- Vinnuaðstaða kennara í afmörkuðu rými inn af vinnusvæðum nemenda.
- Nemendur eiga ákveðna stofu og bera ábyrgð á henni. Umbuna fyrir góða hegðun.

- Kenna nemendum að bera ábyrgð.

Segja má að niðurstaða vinnuhópsins hafi verið sú að skólinn geti þjónað foreldrum, grunnskólabörnum, eldri borgurum, almenningi í hverfinu og nærliggjandi leikskóla og að mikilvægt sé að nýta skólann sem best í þágu íbúa hverfisins. Gera mætti skólann að nokkurs konar hverfismiðstöð með bókasafni, kaffihúsi, foreldraaðstöðu, aðstöðu til tómstundaiðju, námskeiðshaldi, þemakvöldum o.fl.

### 2.1.3 Þrep 3: Námsvæntingar (Learning Expectations)

Námsvæntingar gefa til kynna hvað við viljum að komi út úr náminu: Hvert er markmiðið með námi nemenda? Hverju lofum við nemendum að þeir fái fyrir allan þann tíma og kraft sem þeir hafa lagt í námið og hverju lofum við samfélaginu fyrir framlög þess? Taka þarf mið af lífi fólks nú og í framtíðinni.

Unnið var í þremur hópum þar sem leitað var svara við eftirtöldum spurningum: Hverjar eru helstu *áskoranirnar* sem mæta okkur í vinnu, grenndarsamfélagi og fjölskyldulífi/persónulegu lífi? Hvers væntum við að komi út úr námi nemenda í skólanum á grunni þessara áskorana? Hvað eiga nemendur að *geta, meta og vita*?

#### Hópur 1. Vinnan

- Leikni í íþróttum.
- Kunna góð og árangursrík vinnubrögð – skipulagningu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Séu vel undirbúnir til frekara náms.
- Hafi sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.
- Nemendur meðvitaðir um styrkleika sína.
- Geti borið ábyrgð á sjálfum sér og umhverfi sínu.
- Séu hæfir í tjáskiptum – kunni að koma fyrir sig orði.
- Hafi umburðarlyndi fyrir skoðunum annarra.
- Nemendur geri sér grein fyrir styrkleikum sínu og áhugasviðum til að velja sér „réttu“ framtíðarbraut.
- Öðlist leikni í lestri, reikningi og skrift.
- Hafi vilja og getu til að nýta sér þá fræðslu/nám sem þeim stendur til boða seinna á lífsleiðinni.

#### Hópur 2. Fjölskylda - persónulega lífið.

- Samskipti milli foreldra og barna.
- Tími-tímaleysi.
- Margar og mismunandi kröfur úr ólíkum áttum.
- Miklar upplýsingar misvísandi og erfitt að vinna/sía úr.
- Allir þurfa að vera bestir í öllu.
- Mikil áhersla á lífsgæðakapplaupið.
- Öryggi barna/unglinga.
- Agi/uppeldi.

- Hópprýstingur, þrýstingur frá samfélagi, fyrirtækjum, stofnunum.
- Tölvur og tækni.
- Mismunandi flókið fjölskyldumynstur.
- Hraði, allt að gerast hratt, enginn tími til að fanga augnablikið.
- Skilningsleysi til að mæta þörfum barna sinna.
- Vaxandi fordómar gagnvart öllu mögulegu, lítið umburðarlyndi.
- Auglýsingaréiti í skólum frá félögum, stofnunum og fyrirtækjum.
- Vaxandi vímuefnaneysla og harka í þeim geira.
- Vanþekking foreldra á uppeldi.

### **Hópur 3. Grenndarsamfélagið.**

Nemendur geti:

- Sagt nei.
- Lesið og verið hæfir í að vinna saman.
- Sýnt ábyrgð, árræði og þor. Þeir hafi sjálfstraust.
- Öðlast fjármálavitund, þekkt peninga.
- Sýnt umburðarlyndi.

Nemendur meti:

- Hvað er rétt og hvað rangt.
- Hver viðmiðin eru í samfélaginu.
- Hvar upplýsingar er að finna.

Hvað eiga nemendur að öðlast, kunna að vege og meta?

- Verða sjálfstæðir, með heila sjálfmynd. Krakkar sem taka ábyrgð á sínu námi.

Áskorun:

- Eiturlyf.
- Samkynhneigð → kynfræðsla.
- Fjölskyldur – form.
- Styrkleikar einstaklingsins.
- Fjölmennning/kynjafræðsla/skiptingar.
- Jákvæður, heilbrigður, víðsýnn, heilsteyptur sem þekkir styrk sinn og veikleika sína og vill bera ábyrgð á eigin lífi.

## **2.2 Annar vinnufundur**

Rifjaðar voru upp helstu niðurstöður síðasta fundar.

Á fundinum voru tekin fyrir eftirfarandi þrep:

- Námsvarðan
- Námsferlið
- Námsskipulagið

### 2.2.1 Þrep 4: Námsvarðan (Learning Signature)

Dregin er athygli að því sem á að verða sérstakt við Naustaskóla. Varðan vísar leið sem hefur sín sérkenni. Hún er vegvísir á námsleið og er ætlað að:

- Vera auðkenni og ímynd skólans.
- Veita skólastarfinu anda og orku, tiltrú, tryggð og samstöðu.
- Tengja saman og endurspegla leiðarljós, framtíðarsýn og gildi skólans.
- Vera auðskiljanleg öllum.
- Vera samofin eða tengjast öllu skólastarfi.
- Vera í samræmi við niðurstöður úr þrepi 1, þ.e. námssamhengið.<sup>5</sup>

Varðan þarf að vera um námið og vera sýnileg um leið og komið er inn í skólann og vera víðar í skólanum. Gera má ráð fyrir að í skólum sem hafa sameiningartákn megi vænta samstöðu, stöðugleika og sérstaks anda sem eykur gæði námsins og skilar góðum námsárangri. Betri árangur verður í námi ef allir stefna að einu marki sem er skýrt og afmarkað og allir sem starfa í skólanum geta bent á hvað sé sérstakt við skólann eða hvað þeir séu ánægðir með í skólanum.<sup>6</sup>

Námsvarðan getur birst í: merki, mynd, orði, sögu, setningu o.fl.

Unnið var í tveimur hópum með sama viðfangsefnið.

Hvað á að vera sérstakt við Naustaskóla?

1. Setja hugmyndir fram í orðum sem allir geta verið sammála um.
2. Setja hugmyndirnar fram á táknrænan hátt eða með mynd.

Samantekt á tillögu beggja hópanna:

- Virðing, víðsýni, vellíðan (klettur, þrjú tré).
- Virðing, sköpun, umburðarlyndi.
- Vinátta, virðing, vistvænt (þrjú VVV, snúa þeim á mismunandi hátt, búa til mismunandi form úr „vöffunum“)..
- Fjölbreytni, virðing, sköpun, samvinna og leikur.
- Lærum og leikum.
- Það er leikur að læra.
- Allir eru sérstakir (einstakir).
- Sátt og samlyndi.
- Við erum væn og græn.
- Saman í sátt.

---

<sup>5</sup> Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir. 2003. Niðurstöður vinnuhóps um undirbúning að hönnun viðbyggingar við Hvolsskóla.

<sup>6</sup> Gerður G. Óskarsdóttir. 2001. Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Design Down Process.

### 2.2.2 Brep 5 og 6: Námsferli (Learning Process) og námsskipulag (Learning Organization)

Eins og fyrr segir á Naustaskóli að vera einstaklingsmiðaður skóli en það felur í sér að kennsla, nám, námsaðferðir og námsumhverfi sé lagað að þörfum, getu og áhuga hvers einstaklings í námshópi samhliða því að leitast er við að styrkja nemendahópin sem heild. Skólastarfið einkennist af sveigjanleika og samvinnu þar sem nemendur og foreldrar eru virkjaðir til þátttöku og ábyrgðar í skólastarfinu með kennurum.<sup>7</sup>

Námsferlið gæti verið útfærsla á völdum þáttum úr námsvæntingum. Stuttar umræður voru um þetta sem svo fléttuðust inn í vinnuna um námsskipulag. Fjallað var um hvernig skipuleggja mætti skólastarfið til að ná sem bestum árangri með tilliti til námsvæntinga.

Unnið var í tveimur hópum út frá spurningunni: Hvernig þarf skólastarfið að vera til þess að ná því fram sem við viljum að börnin okkar fái út úr skólagöngunni? Annar hópurinn velti fyrir sér tíma nemenda og skipulagi stundarskrár og námsferlis. Hinn hópurinn ræddi um námsumhverfið með tilliti til tækni og ákvarðanatöku.

#### Hópur 1 *Tími nemenda og skipulag stundarskrár og námsferlis*

- Viðmiðunarstundartafla/stýring.
- Kjarasamningar/bindandi.
- Nýtt upphaf – kennarar ráðnir inn á forsendum skólans.
- Heimanám stuðlar að aukinni samvinnu heimilis og skóla?
- Agi + skipulag = grunnur að framtíðinni.
- Nemendur mismunandi, sumir geta útskrifast 14 ára?
- Kennarar þekkja nemendur betur í einstaklingsmiðuðu námi.
- Samþætting náms, tenging við atvinnulífið + einstaklingsmiðað nám → eykur fjölbreytni í valgreinum → frumkvöðlahugsun.
- Nýsköpunarskóli/örvun.
- „Samvinnupróf“ – teymislausnir.
- Heimanám unnið í skóla eftir skólatíma með „aðstoð“ kennara.
- Viðhorfsbreyting nemenda þ.e. að bera sjálfir ábyrgð á sínu námi, þar með heimanámi.
- Námsferill → spennandi að breyta viðhorfi, ögrandi verkefni.

#### Hópur 2 *Námsumhverfið, þ.m.t. tækni og ákvarðanatöku*

- Stór rými.
- Góð hljóðvist, hljóðkerfi á kennara.
- Hljóðlát húsgögn, ljós sem kvikna/slökkva við hreyfingu.
- Gildir það sama fyrir alla hópa?
- Val barna.
- Tölvuver- fartölvur.
- Tæki og tól fyrir náttúruskoðun – vísindasmiðja.

---

<sup>7</sup> Tomlinson, Carol Ann. 1999. *The Differentiated Classroom; Responding to the Needs of all Learners*. Alexandria, Va, Association for Supervision and Curriculum.

- Góð vinnuástaða fyrir verksköpun og vinnslu.
- Óþrifahorn og „kósihorn“
- Sjálfbærar einingar 4-5.
- Fjölnota salur fyrir sýningar og nærumhverfi?
- Gata eftir miðju húsi?
- Lögð áhersla á holla lífshætti, mat og hreyfingu.
- Skóli frá 8–15/16, tómsundur innifaldar í þeim tíma.
- Hljóðeinangruð tónmenntastofa – tónlistarskóli.
- Þurrkskápur – rými – snúrur.
- Myndmenntastofa, tónstofa, salur, svið.
- Listarými tengt sviði.
- Hvernig á að taka ákvarðanir?
- Barnalýðræði – eiga nemendur að ákveða eitthvað um nám sitt?
- Einstaklingsmiðuð þemavinna.
- Þáttökulýðræði.
- Byggja skólann upp með þátttöku og ákvarðanatöku sem flestra um sem mest.

### **Eftirfarandi atriði voru talin mjög mikilvæg:**

Heimanám því það stuðlar að aukinni samvinnu heimilis og skóla.

Kennarar ráðnir inn á forsendum skólans.

Samþætting leik- og grunnskóla og sveigjanleiki milli skólastiga, börn geta byrjað fyrir og útskrifast fyrir.

Skapandi starf og fjölbreytt, s.s. samvinna, þemavinna og samþætting námsgreina.

Að nemendur axli ábyrgð í námi sínu með því að læra snemma að setja sér markmið.

Að nemendur fái að velja sér viðfangsefni.

Að námsmat taki til fjölbreyttari færniþátta þar sem styrkleikar nemenda fá notið sín.

Að rými séu sjálfbær og rúmgóð, með góðri hljóðvist, meðfærilegum húsgögnum, tæki og efnivið vegna viðfangsefna nemenda.

Fjölnota salur og góð tenging milli rýma.

Gott aðgengi að bókum og tölvum.

Sundlaug og leikfímishús áfast.

Samfelldur skóladagur.

Vistvænn skóli.

## **2.3 Þriðji vinnufundur**

Rifjaðar upp helstu niðurstöður fyrri funda.

Á fundinum voru tekin fyrir eftirfarandi þrep:

- Námsstarfið
- Námsliðið
- Námsumhverfið



### 2.3.1 Brep 7: Námssamstarf (Learning Partnerships)

Hér er hugað að samstarfsaðilum sem skólinn getur unnið samstarfsverkefni með svo námsskipulagið og námsferlið virki sem best og námsvæntingum verði mætt. Hvað væri æskilegt að hafa samstarf um og við hverja og hvaða bjargir og þjónustu mætti samnýta? Átt er við að skólinn hljóti stuðning frá þessum aðilum en einnig að skólinn láti eitthvað í té á móti. Ekki er eingöngu verið að tala um fjárframlög eða þjónustu við skólann, heldur margs konar samstarf sem báðir aðilar hafa hag af, sameiginleg markmið sem auðveldara er að ná með samstarfinu o.s.frv.

Unnið var í tveimur hópum með sömu spurningarnar, þ.e.:

Hverjir eru mögulegir samstarfsaðilar skólans?  
Hvernig á samstarfið að vera?/ samstarf um hvað?  
Hvað á að einkenna samstarfið?

#### Hópur 1

- Amtið: læsi á bókasafnið, samvinna á milli amts- og skólabókasafns.
- LA: Áhersla á leiklist, framsögn.
- Heilsársskóli? Vetur – hefðbundinn, sumar – útilífsskóli + menning + listir. Þ.e.a.s. stofnunin opin allt árið en mismunandi áherslur eru í starfinu.
- Vinnuskólahugmynd, skapandi skil (t.d. mynd eða bók) um Akureyri sem vettvang. Nota Davíðshús og Sigurhæðir.
- Starfslið skólans komi úr öllum áttum (kennarasamningar).
- Skátar + útilífstenging.
- Náttúrugripasafnið staðsett í skólanum?
- Sérhæfing skólanna á menningarsviði, t.d. leiklist, náttúra, tónlist.
- Valgreinar, nýta reynsluna af þeim, fara dýpra.
- VMA - aðgengi að verk- og listgreinaaðstöðu.
- Allir á frítímasviðinu.
- Leikskólinn, sýn + aðferðir, þemavinna og fagleg skipting - náttúruferðir (lóð), uppákomur, nemendaskipti.
- Skógræktarfélag, ræktun og plöntun.
- Náttúrufræðistofnun, mengunarmælingar.
- Atvinnulíf, fyrirtæki með heimasíðu, starfsþjálfun.
- Eldri borgarar, nýting á aðstöðu, mötuneyti, afþreying, tengsl við, sambýli og þjónustuíbúðir.
- Fatlaðir, samvinna við sambýli, markvisst unnið gegn fordómum.
- Hæfingarstöðin.

#### Hópur 2

- Íþróttafélög, kynna sig og fá þátttakendur. Skák, aðstaða → þjálfun, skautar, eldri aðstoða yngri, íþróttahús – gera samning um aðstöðu, allt tómsundastarf í hverfinu.
- Fyrirtæki, atvinnulífsskygningar. Vinnustaðir kynntir og störf kynnt. Nemendur fá að vera á staðnum einhvern tíma (valgrein?).

- Tónlistarnám. Aðstaða → menningarstarf skólans eflist, tónleikar o.fl.
- Myndlistarskóli - aðstaða og sýningar.
- Leikfélagið- námskeið, framsögn og að kynnast leikhúslífi.
- Söfnin - sögukennsla.
- Menningarstofnanir, fræðast um menningarlífið.
- Skógræktarfélagið, rækta jólatré, ýmis verkefni, útlífsskóli, samstarf um ræktun, t.d. skólagarðar - tengsl að vori og hausti.
- Skátar- komið að kennslu, s.s. í útlífsskóla og félagslífi.
- Æskulýðsfélög, aðstaða, kynning → nýir félagar.
- Skipuleggja samstarf í hverfinu.
- Gróðurhús í skólanum, gera viðskiptaáætlun í upphafi fyrir ræktunina, safna peningum. Einn ákveðinn árgangur gæti haft umsjón með gróðurhúsinu.
- Kirkjan, sér prestakall, aðstaða fyrir barnastarf og eldri borgara. Helgihald þar til kirkjan rís, safnaðarstarf, barnastarf og sunnudagaskóli o.s.frv. Einnig mætti hugsa sér vinaleið, hafa djákna í skólanum, umhyggja meðal nemenda og starfsfólks í skólastarfinu.
- Mötuneyti. Ræktun fyrir mötuneyti og þátttaka í starfinu, að elda.
- Dans fyrir allan aldur, mörg böll. Dansskólar - aðstaða → fá þátttakendur.
- Virkja skólana út í samfélagið.
- Fjölmíðlar. Nemendur læri að umgangast þá, tengjast þeim með skilgreindum verkefnum.
- Ýmis hagsmunasamtök, s.s. neytendasamtök, samtökin 78 o.fl.

Umræða skapaðist eftir kynningarnar um eftirfarandi atriði:

Mætti hugsa sér að nemendur heimsæktu gamla fólkið í hverfinu eða væri hægt að fá gamla fólkið í hverfinu inn í skólann, t.d. að hlusta á börnin lesa eða aðstoða við handverk. Einnig mætti hugsa sér að fá gamla fólkið til að kenna sögu, t.d. að segja frá hersetunni og kreppunni og með þeim hætti nýta þann fróðleik sem til er í munnlegum heimildum. Þetta gæti líka verið leið til þess að eyða fordómum á milli þessara hópa. Það er þekkt að unglingar hafa fordóma gagnvart öldruðum og aldraðir hafa fordóma gagnvart unglungum.

Fram kom sú hugmynd að færa valgreinar neðar í skólakerfinu þannig að börnin fengu fyrir að velja það sem þeim finnst skemmtilegt.

Búa þyrfti til svokallaða „sjálfboðaliða menningu“ á Íslandi sem hluta af skólastarfi.

Vegna hugmynd um heilsársskóla kom upp umræða um tengingu á milli formlegrar og óformlegrar menntunar. Rætt var um að fá fagfólk úr þjóðfélaginu inn í skólana þó svo að það séu ekki kennarar. Nýta þá þekkingu sem þeir hafa til að auka fjölbreytileika kennslunnar.

### 2.3.2 Prep 8: Námslið og starfsþróun (Learning Staff and Staff Development)

Í námsliðinu eru allir þeir sem hafa áhrif á eða taka þátt í námsreynslu nemenda, hvort sem hún er innan eða utan skólans. Hópurinn var sammála um að í námsliðinu væru auk nemendanna sjálfra allir starfsmenn skólans, kennarar, stjórnendur, skrifstofufólk, stuðningsaðilar og foreldrar.

Líta má á starfsmenn sem hluta af námsteymi, jafnt sem einstaklinga. Ef skólinn þróast enn meira yfir í verkefnavinnu og teymisvinnu nemenda og einstaklingsmiðað nám verður nálægðin meiri á milli nemenda og kennara. Ekki er óraunhæft að líta á skólann sem lærdómsfyrirtæki eða námssamfélag þar sem allir eru að læra, nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn. Ef áhugi er á að breyta skólastarfi verður að huga sérstaklega að stafsþróun starfsmanna.<sup>8</sup>

Almennar umræður voru í hópnum um: Hvaða einkenni þeir ættu helst að hafa sem væru í námsliðinu? Eftirfarandi atriði voru nefnd:

- Þeir þurfa að hafa ánægju af því að vera með börnum og unglingum.
- Þurfa að hafa jafn mikinn áhuga á því að læra sjálfir og á því að börnin læri.
- Forgagnsraða þannig að barnið hafi alltaf forgangi.
- Allt starfsfólk á að vera ráðið inn á forsendum skólans.
- Ráða allt starfsfólk sem heilsársstarfsmenn til að geta haft heilsársskóla.
- Verða að eiga auðvelt með að vinna með öðrum.
- Fá inn fólk tímabundið, til að kenna kúrsa, í líkingu við verktaka.
- Umhyggjusamir og metnaðarfullir starfsmenn.
- Það sama á að gilda um alla starfsmenn, hægt sé að gera kröfu til þeirra um að tileinki sér nýjar aðferðir og ný viðhorf. Nauðsynlegt að þeir geti og vilji prufa nýjar aðferðir og hugmyndir áður en þeim er hafnað.
- Allir þurfa að vera meðvitaðir um umhverfismál, ræstingarfólkið þar með talið.
- Það þarf að vera ákveðin þekking á milli starfstétta í skólanum og samstarf þarf að eiga sér stað.
- Samaeiginleg sýn allra starfsmanna gagnvart nemendum, þ.e. hvernig á að umgangast þá.
- Fólk þarf að vinna saman og ræða saman á jafnræðisgrundvelli.
- Af hverju má skólastarfið ekki vera byggt upp eins og annað í þjóðfélaginu? Dæmi, smiðir hafa verkamenn hjá sér í vinnu, geta þá kennarar ekki haft skólaliða til íhlaupa.
- Mikilvægt að skólinn gæti gert þær kröfu að allir kennarar sinni endurmenntun, Skólastjórinn á að sjá um að þessu sé framfylgt.

---

<sup>8</sup> Gerður G. Óskarsdóttir. 2001. Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Design Down Process.

- Foreldrar eru líka í námsliðinu, hvaða kröfur viljum við setja á foreldrana? T.d að þeir sýni námi barna sinna áhuga, viti hvað gerist í skólanum og eigi samskipti við skólann?
- Skapa foreldrum tækifæri á því að taka þátt skólastarfinu, þeir eru alltaf gestir.
- Skólinn hefur oft óskað eftir því að foreldrar komi til skólans, foreldrum finnst vera ójafnvægi því þar sem þeir eru ekki á heimavelli þar. Skoða hvaða leiðir henti betur.
- Auka upplýsingaflæði til foreldra varðandi námsefni til og líka þetta daglega sem gerist í skólanum.
- Hvernig væri að foreldrar myndu fylgja börnunum sínum í skólann og sækja þau síðan aftur að skóladegi loknum?
- Foreldrar eru ekki bara í hlutverki uppalandans heldur líka kennarans. Vita foreldrar hvaða vandamál eru í bekknum, ekki bara varðandi þeirra eigin börn? Fá foreldra til að taka þátt á svoleiðis málum sameiginlega. Eins og þegar það koma upp hegðunvandamál eða eineltisvandamál og þess háttar
- Foreldrar upplifa það stundum að skólinn komi upp á milli barns og skóla, s.s. að ætlast sé til þess að foreldri taki málsstað skólans, en ekki barnsins.
- Að foreldrar tali líka við börnin um hvað þau eru að læra og þess háttar.
- Foreldrum þarf að vera ljós stefna og sýn skólans, hvaða kennsluáferðir eru notaðar og kannski vera í samráði varðandi heimanám og annað slíkt.

### 2.3.3 þrep 9: Námsumhverfi (Learning Environment)

Ítrekað var að námsumhverfið þyrfti að mótast í samræmi við niðurstöður úr fyrri þrepum en passað hefur verið að rifja upp og draga saman meginatriði og líta yfir farinn veg áður en haldið hefur verið áfram frá einu þrepi til annars. Námsumhverfið þarf jafnframt að taka mið að fjölbreytilegum náms- og kennsluáferðum. Hugsanlega er vilji til að huga að útikennslustofu án veggja og tengsla við náttúruna. Taka þarf afstöðu til tækninnar og nýtingar hennar í náminu, ýmiss konar aðstöðu fyrir sérstaka námsþætti, og síðast en ekki síst hvar námið á að fara fram, innan skólabyggingarinnar jafnt sem utan.

Unnið í tveimur hópum. Hvor hópur fyrir sig gerði lista yfir æskileg sérkenni.

#### Hópur 1

- Útikennslustofu án veggja. Nota náttúruna, athuga stígagerð.
- Skólahús: Hönnun hússins bjóði fólk velkomið. Vanda arkitektúr skólabygginga, hafa þær vandaðar og veglegar.
- Aðstaða fyrir foreldra.
- Hafar opið rými sem þó býður upp á meira afmarkað eða lokað skólastarf ef þörf er á.
- Kennslurými sé sveigjanlegt.
- Klasar – sveigjanleiki.
- Aðgengi sé tryggt fyrir alla (athuga stiga og útisvæði).
- Tenging milli leik- og grunnskóla. Hægt verði að fara á inniskónum á milli.

- Aðstaða fyrir tómsundastarf, verk- og listgreinar.
- Vinnuaðstaða kennara tengd kennslusvæðum (klasa).
- Góð aðstaða til leikja úti og inni.
- Verk- og listgreinarými í tengslum við hverja námskjarnaeyningu eða klasa.
- Eldhús einnig tengt hverjum klasa, heimilisfræði og mötuneyti.
- Gott vísindahorn í hverjum klasa.
- Tölvum komið fyrir í kennsluklössum.
- Bókasafn miðlægt.
- Dýragarður?!!

## Hópur 2

- Gróðurhús – matjurtagarður.
- Innangengt í hvert rými að utan.
- Stór rými – lítil rými.
- Svæði til að slappa af í.
- Hljóðvist nauðsynleg.
- Hengivænir veggir – korkur.
- Flæði úr náttúrunni inn.
- Sundlaug.
- Íþróttasalur.
- Fjölnota salur.
- Þurrkaðstaða.
- Minni salir – helgihald.
- Foreldraaðstaða.
- Stór skjár.
- Hljóðkerfi í stærri rýmum.
- Hanna húsnæðið með það í huga að tæknin sé nýtanleg.
- Kaffihús + bókasafn.
- Verslun með smávöru, hollustunesti.
- Gervigrasvöllur.
- Tenging við leikskólann – innangengt með einhverjum hætti.
- Útileiksvæði fjölbreytt.
- Innileiksvæði.
- Hlýir og róandi litir sem eru um leið örvandi.
- Spilastofa.
- Starfsmannaaðstaða góð.
- Björt rými – mild en góð lýsing.
- Skápar fyrir nemendur.
- Rými fyrir hjúkrunarfræðing, námsráðgjafa og alla umhyggju sé miðsvæðis en samt álangdar.
- Stjórnunarsvæði verði við inngang, sýnilegt um leið og komið er inn.
- Viðtalsherbergi.
- Fundaherbergi.

- Náttúruleg byggingarefni.
- Nægar snyrtingar.
- Hvert rými sjálfbært með aðstöðu til verklegra athafna, eldhúsvaski, eldhúseiningu fyrir heimilisfræðikennslu, sull og raungreinar.
- Frístund, tómstundaráými, heilsdags- og heilsársskóli.
- Tónlistaráými tengt fjölnotasal.
- Æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir, hljóðeinangrað.
- Sérgreinaaðstaða – sem nýtileg er fyrir alla aldurshópa. Gott rými. Liggi saman en opnanlegt á milli.
- Fiskitjörn (lítið Mývatn) á skólalóðinni eða inni.
- Körfuboltavöllur.
- Tröppur í miðju húsi sem nýtist til að setjast í við uppákomur, n.k. sæti þar sem gólfíð fyrir neðan nýttist sem svið.

Stuttar umræður voru um kosti þess að hafa dýr á skólalóðinni.

Umræða var einnig um að byggja húsið í líkingu við hringleikahús með miðju þar sem hjarta starfseminnar færir fram, en að hægt væri að opna önnur rými út frá því.

### 3 Samantekt

Eins og sést á niðurstöðum ganga nokkur atriði eins og rauður þráður í gegnum alla hugmyndavinnuna og eru greinilega brýn í hugum fólks, s.s. virðing, víðsýni, náttúra, samvinna, gagnrýnin hugsun, skapandi starf, sveigjanleiki og vellíðan. Því lengra sem líður á vinnuna skerpast línurnar um hvernig Naustaskóli ætti helst að vera og í 9. þrepi eru hugmyndir hópanna tveggja keimlíkar enda hafa allir unnið með öllum og talað við alla og skoðanir fólks og viðhorf að öllum líkindum mótast í gegnum þá vinnu.

Yfirleitt er samræmi milli þess sem kemur fram á einu þrepi og þess sem kemur fram í öðru nema þegar um er að ræða heimavinnu eða ekki heimavinnu og tölvuver eða ekki tölvuver. Að lokum virðist það þó verða ofan á að hafa einhverja heimavinnu og ekki tölvuver heldur hafa tölvur á vinnusvæðum nemenda.

Framtíðarsýn fólks er sú að í Naustaskóla ríki hugarfar sem endurspegli virðingu, víðsýni, gleði og vellíðan. Keppst verði að því að koma til móts við þarfir allra með góðu samstarfi, sveigjanleika og fjölbreytni í kennsluáferðum og skapandi og gagnrýninni vinnu og hugsun. Lögð var áhersla á að aðgengi væri gott fyrir alla, bæði að og í skólabyggingunni, við hana væri íþróttahús og sundlaug og að skólinn yrði miðstöð íbúa í hverfinu. Samhljómur var milli framtíðarsýnar og námssamhengis sem unnið var með á fyrsta fundi. Í þeirri vinnu komu einnig fram skýrar áherslur á að námið yrði sett í samhengi við náttúruna og grenndina og að samfella yrði milli skólastiga. Talið var eðlilegt að námsvarðan endurspegladi þessa áhersluþætti.

Niðurstöður um námssamfélag eru í megindráttum þær að skólinn geti þjónað grunnskólabörnum, foreldrum, eldri borgurum í hverfinu, almenningi í hverfinu og nærliggjandi leikskóla, t.d. með tómstundaaðstöðu fyrir nemendur í tengslum við skóladaginn, foreldraaðstöðu, námskeiðahaldi, notkun á mötuneyti, sal og íþróttaaðstöðu.

Talið var brýnt að nemendur kynnu góð og árangursrík vinnubrögð, væru sjálfstæðir og hefðu jákvæða sjálfsmynd, öðluðust færni í mannlegum samskiptum, sýndu umburðarlyndi, kynnu að lesa, reikna og skrifa, vissu hvar þeir gætu leitað sér upplýsinga og hefðu vilja og getu til að nýta sér möguleika sína í framtíðinni.

Hvað varðar námsferli og námsskipulag var talið nauðsynlegt að kennarar og aðrir starfsmenn skólans yrðu ráðnir inn á forsendum skólans, að skóladagur nemenda yrði samfelldur og nám þeirra sveigjanlegt að þeirra þörfum og getu. Áhersla var lögð á góða vinnuaðstöðu fyrir verksköpun, skapandi starf og þemavinnu. Sú hugmynd kom upp að gera skólann að heilsársskóla þar sem hinir ýmsu aðilar úr samfélaginu kæmu inn í starfið með mismunandi hætti á mismunandi tímum, s.s. leikfélag, atvinnulíf, tónlistarskóli, kirkja og jafnvel náttúrugripasafn sem mætti gjarnan vera staðsett í skólanum. Í framhaldi af þessu var hugmynd um að útfæra vinnuskóla með fjölbreyttari verkefnum en nú er, t.d. koma á einhvers konar skapandi skilum í myndmáli eða rituðu máli. Þá voru nefndir möguleikar eins og að samnýta mötuneyti með eldri borgurum og einhvers konar samvinnu við fatlaða í hverfinu.

Vinnuhópurinn taldi frumskilyrði að í námsliði skólans starfaði fólk sem hefði ánægju af að vinna með börnum, ætti auðvelt með að vinna með öðrum á jafnræðisgrundvelli og væri tilbúið til að tileinka sér ný viðhorf og aðferðir. Mikið var talað um mikilvægi foreldra í öllu skólastarfi og hvaða leiðir væri hægt að fara til að gera þá að meiri þátttakendum á þeirra forsendum. Að mati hópsins þarf að auka upplýsingaflæði til foreldra, bæði um nám barnanna og um aðra daglega þætti í

skólastarfinu og gera foreldrum ljósa sýn skólans á skólastarfið og mismunandi kennsluaðferðir.

Í lokavinnunni þegar námsumhverfið var tekið fyrir virtust hugmyndir nokkuð fastmótaðar og eftirfarandi atriði voru talin mikilvæg:

- Að skólahúsnæðið byði fólk velkomið.
- Aðstaða væri í skólahúsnæðinu fyrir foreldra.
- Stjórnunarsvæði væri við inngang og aðstaða fyrir hjúkrunarfræðing, námsráðgjafa og alla umhyggju væri miðsvæðis en þó ekki alveg í miðjunni.
- Bókasafn og kaffihús væri fyrir alla í skólanum og hverfið miðlægt í byggingunni.
- Byggingin samanstæði af nokkrum sjálfbærum einingum eða klösum með sveigjanlegu kennslurými, hljóðvernd og hengivænum veggjum. Þar yrði eldhús sem nýta mætti í heimilisfræðikennslu í tengslum við mötuneyti þannig að nemendur gætu borðað í sínum klasa. Þar væri einnig vísindahorn, tómsunda-, verk-, raun-, og listgreinarými, tölvur, vinnuaðstaða kennara og slökunaraðstaða fyrir nemendur.
- Fjölnota salur með tengingu við tónlistarrými.
- Æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir, hljóðeinangruð.
- Misstór rými en björt og hlýleg og innangengt í hvert rými að utan.
- Íþróttahús og sundlaug.
- Frístund, tómsundarými, heilsdags- og heilsársskóli.
- Fundaherbergi, viðtalsherbergi og nægar snyrtingar.
- Tenging við leikskólann með einhverjum hætti.
- Aðgengi væri tryggt fyrir alla, bæði úti og inni.
- Tengja náttúru og byggingu, hafa flæði á milli og nota náttúruleg byggingarefni.
- Góð aðstaða til leikja bæði úti og inni.
- Gróðurhús eða matjurtagarður og fiskitjörn á skólalóðinni eða inni í skólanum.
- Nota náttúruna sem útikennslustofu.
- Hanna húsnæðið með það í huga að tæknin sé nýtanleg.

Vinnuhópurinn taldi að hugsa mætti sér skólabygginguna sem nokkurs konar hringleikahús með miðju þar sem hjarta starfseminnar færi fram og hægt væri að opna önnur rými út frá því.



## 4 Heimildir

Gerður G. Óskarsdóttir. 2001. *Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Design Down Process.*

Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir. 2003. *Niðurstöður vinnuhóps um undirbúning að hönnun viðbyggingar við Hvolsskóla.*

Tomlinson, Carol Ann. 1999. *The Differentiated Classroom; Responding to the Needs of all Learners.* Alexandria, Va, Association for Supervision and Curriculum.